

3. gr.

225

Stofnfé sjóðsins, sem stofnaður er um áramótin 1951—1952, er kr. 18882.75, sem er ágóði af happdrætti, er Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar efndi til í nóvembermánuði 1951. 3. des.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Kr. 10.00 af árstíllagi hvers félagsmanns Starfsmannafélag Reykjavíkurbæjar.
2. Allur ágóði af skemmtunum félagsins.
3. Vextir og annað fé, sem sjóðnum kann að áskotnast.

Framlag það, sem um ræðir í 1. lið, skal greitt sjóðnum eigi síðar en 15. des. ár hvert.

5. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands eða með öðrum hætti, sem stjórnin er sammála um að telja jafn tryggilegan.

Til þess að taka út fé sjóðsins þarf undirskrift formanns og gjaldkera.

6. gr.

Til að ráðstafa fé sjóðsins þarf samþykkt almenns félagsfundar, sbr. 12. gr. félagslaga og skal þess getið í fundarboði.

7. gr.

Sjóðurinn hefur sérstakt reikningshald, og undanþeginn er hann öllum fjárskuldbindingum félagsins, sbr. þó 2. mgr. 2. gr.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

9. gr.

Ársreikningur sjóðsins skal endurskoðaður af endurskoðendum félagsins og lagður fram til samþykktar á aðalfundi félagsins.

10. gr.

Um breytingar á skipulagsskrá þessari fer með sama hætti og breytingar á lögum félagsins.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

AUGLÝSING

226

um breyting á reglugerð nr. 273 30. des. 1950, varðandi gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja. 5. des.

39. gr. e-liður reglugerðarinnar hljóði svo:

Benzedrin, Mecodrin og önnur skyld efni og álíka hættuleg efni (t. d. Per-vitin, Eufodrin o. s. frv.) og sölt þeirra, og er óheimilt að láta úti í einu meira en 150 mg handa einstaklingi. Nær þetta einnig til amfetamínlyfja og annarra skyldra efna, sem ætluð eru til að sjúga í nefið eða til annarra áþekkra nota.

226 Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum
5. des. þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 5. desember 1952.

Steingrímur Steinþórsson.

Gústav A. Jónasson.

227

10. des.

BRÁÐABIRGÐAGJALDSKRÁ

fyrir Vatnsveitu Hvammstangahrepps.

1. gr.

Af öllum húsum á vatnsveitusvæðinu, sem standa á lóð, er liggur að vegi eða opnu svæði, þar sem vatnsæðar hreppsins liggja, skal greiða tengigjald kr. 200.00 fyrir hvert hús ásamt 3% af fasteignamatsverði hússins.

2. gr.

Af öllum húsum, sem um getur í 1. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt til vatnsveitunnar, kr. 100.00 af hverju húsi ásamt 3% af fasteignamatsverði. Ef fleiri en ein íbúð er í sama húsi, skal greiða kr. 100.00 fyrir hverja íbúð, sem er umfram eina í sama húsi.

Gjald af hverri bifreið, sem skrásett er á Hvammstanga, skal vera kr. 50.00 árlega. Fyrir vatnshana í útihúsum skal árlegt gjald vera kr. 25.00 af hverjum. Fyrir hvern kjötskrokk í sláturhúsi skal greiða kr. 0.10.

3. gr.

Húseigandi ábyrgist vatnsskattinn, svo og hver bifreiðareigandi. Gjaldldagi á vatnsskatti skal vera 15. nóvember ár hvert. Vatnsskattur greiðist oddvita eða þeim, er hreppsnefnd felur reikningshald vatnveitunnar.

4. gr.

Vatnsskatt má taka lögtaki og skal hann tryggður með lögveðrétti í hlutað-eigandi fasteign næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Hvammstanga-hrepps, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. desember 1952.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gunnlaugur Þórðarson.